

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

171. FUNDUR.

Árið 2010, fimmtudaginn 26. ágúst kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 171. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Í upphafi fundar bar oddviti fram tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði tekinn liðurinn kosningar. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.
 - a) Fundargerð 651. fundar. 21. júní. Fundargerð í 10 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 652. fundar 28. júní. Fundargerð í 9 liðum. Lögð var fram svohljóðandi fyrirspurn frá B-lista. „Fyrir hversu mörg börn þarf að liggja fyrir ósk um leikskólavist svo opnuð verði leikskóladeild í dreifbýli? Oddviti svarar að engin regla sé fyrir um fjölda barna, en þörf metin miðað við aðstæður hverju sinni. Fundargerð samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 653. fundar 12. júlí. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerð samþykkt með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 654. fundar 26. júlí. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerð samþykkt með 7 atkvæðum.
 - e) Fundargerð 655. fundar 9. ágúst. Fundargerð í 7 liðum. 2. Liður fundargerðarinnar samþykktur með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - f) Fundargerð 656. fundar 16. ágúst. Fundargerð í 3 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. Liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu 2. liðar í fundargerð 656. fundar byggðarráðs til næsta fundar sveitarstjórnar.“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerð 656. fundar samþykkt með 7 atkvæðum.
 - g) Fundargerð 657. fundar 23. ágúst. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerð samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Kosningar. Lögð er fram svohljóðandi tillaga frá S-lista. „Vegna brottflutnings Ástu Jóhannsdóttur úr sveitarfélaginu tilnefnir S-listi Samfylkingarinnar og óháðra Borghildi Heiðrúnu Haraldsdóttur sem aðalmann í fræðsluráð. Jafnframt er gerð tillaga að því að Pétur Arnarsson verði áheyrnarfulltrúi S-listans til vara í byggðarráði og varafulltrúi á ársþing SSNV. Að lokum er það tillaga listans að Sigríður Hjaltadóttir taki við af Ástu í nefnd Húnaþings vestra um umhverfisviðurkenningar.“ Tillagan

borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Sveitarstjórn þakkar Ástu Jóhannsdóttur störf hennar í þágu sveitarfélagsins.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:00

Leó Örn Þorleifsson

Anna María Elíasdóttir

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg

Ragnar Smári Helgason

Stefán Einar Böðvarsson

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Helena Halldórsdóttir, fundarritari